

## Tillaga um upplýsingaskilti um tengsl Íslands og Lettlands

Torgið á horni Túngötu og Garðastrætis sem nú hefur fengið heiti „Kænugarður“ hefur lengi haft mikla þýðingu fyrir vináttu Íslands og Lettlands og samfélag Letta á Íslandi. Á torginu er verkið Stuðningur sem er gjöf frá Lettlandi og þakklætisvottur vegna viðurkenningu Íslands á sjálfstæði landsins. Það var reist árið 1996. Þessu tvö táknrænu hlutverk torgsins 1) að vera til minnis um stuðning við Sjálfstæðisbaráttu Lettlands og 2) að sýna stuðning við íbúa Úkraínu styðja vel við hvort annað.

Rétt er þó að nota tækifærið, nú þegar torgið fær nýtt nafn, að minna á táknrænt mikilvægi þessi fyrir tengsl Íslands og Lettlands og samfélag Letta á Íslandi. Því er lagt til að útbúið verði upplýsingaskilti þar sem þessi saga er rakin. Haft verði samráð við Sendiráð Lettlands gagnvart Íslandi í Osló varðandi upplýsingatexta skiltisins.

## Greinargerð

Lettar lýstu yfir sjálfstæði þann 4. maí 1990 og voru Íslendingar fyrstir þjóða til að viðurkenna sjálfstæði Letta árið 1991. Lettar vildu sýna þakklæti sitt fyrir stuðninginn með því að gefa Íslendingum verkið Stuðningur (Support) eftir lettneska myndhöggvarann Paul Jaunzens. Verkið er samsett úr tveimur steinum, neðri steinninn táknar Ísland en sá efri Lettland. Andris Skele þáverandi forsætisráðherra Letta afhenti Davíð Oddsyni verkið 19. september 1996. Garðurinn var hannaður sem umgjörð fyrir höggmyndina en Félag skróðgarðyrkjumeistara gaf vinnu við frágang á svæðinu í tilefni af 30 ára afmæli félagsins sem unnið var í maí 1997.

